



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Ljósmyndari, ljósmyndun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Photographer, photography

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir helstu eiginleika og verkan efna sem notuð eru við ljósmyndun og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum sem notkun þeirra felur í sér og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem ljósmyndarar nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- getur unnið og þróað hugmyndir að ljósmyndaverkum sínum á sannfærandi hátt
- getur leyst ljósmyndaverkefni með hliðsjón af fjölbreyttum forsendum
- getur tekið myndir við margvíslegar aðstæður með tilliti til myndbyggingar og ætlaðra áhrifa
- kann að setja upp tækjabúnað til myndatöku í myndveru og setja upp og stýra búnaði fyrir kvikmyndatöku
- getur túlkað gæði vinnu sinnar og annarra
- getur fullunnið ljósmyndir í myrkraherbergi til sýningar
- kunna skil á framleiðsluferli litmynda eftir nekatívum
- kann að vinna með myndasöfn og með hliðsjón af forsendum myndaritstjórnar
- getur fullunnið ljósmyndir með stafrænum aðferðum til útgáfu eða birtingar
- getur fullunnið ljósmynd í tölvu til birtingar
- getur klippt og gengið frá kvikmyndum í tölvu
- kann helstu aðferðir við frágang á myndefni til birtingar á vef eða til prentunar
- kann aðferðir við liststýringu og gæðastýringu við vinnslu myndefnis

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Ljósmyndari vinnur við blöð og aðra fjölmiðla, við skrásetningu upplýsinga, vísinda- og heimildavinnu eða annars staðar þar sem nota á myndefni til að koma boðskap til skila á faglegan hátt. Í grundvallaratriðum er þó um tvö meginsvið að ræða: stúdíómyndatöku og myndatöku á vettvangi. Þessi svið skarast auk þess á ýmsa vegu þegar stúdíóbúnaður er notaður við myndatöku á vettvangi. Rétt til starfa í ljósmyndun hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í ljósmyndun sem iðnaðarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs eða meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is